

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um flutning verkefna til sýslumannsembætta.

1. *Hvernig miðar flutningi verkefna frá ráðuneytinu til sýslumannsembætta samkvæmt aðgerðaáætlun um flutning verkefna til embætta sýslumanna sem gerð var samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 50/2014?*

Lög nr. 50/2014, um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, heyrar undir innanríkisráðherra sem jafnframt ber ábyrgð á framkvæmd aðgerðaáætlunar sem getið er í bráðabirgðaákvæði. Sambærilegri fyrirspurn var beint til innanríkisráðherra og er vísað til þess svars.

2. *Telur ráðherra unnt að flytja önnur verkefni úr ráðuneytinu til sýslumannsembætta en þau sem tiltekin eru í fyrrgreindri aðgerðaáætlun?*

Við undirbúning aðgerðaáætlunarinnar var kannað hvort verkefnum væri sinnt innan ráðuneytisins sem hagkvæmara væri að flytja til sýslumannsembætta. Innan ráðuneytisins og hjá stofnunum þess reyndust þá ekki vera verkefni sem uppfylltu slík skilyrði, en slíkt er ávallt háð endurmati falli slík verkefni til síðar.

3. *Hvaða aðferðum er beitt við ákvörðun um að flytja verkefni til sýslumannsembættis og hvað kemur einkum í veg fyrir flutning?*

Almennt er miðað við að verkefnum sé sinnt með sem hagkvæmustum hætti, að sambærilegum verkefnum sé sinnt á sama stað til að auka þekkingaruppbyggingu og að þau sem leita til opinberra aðila þurfi ekki að fara á marga staði vegna sama máls.